

38. hafnasambandsþing

Þing Hafnasamband Íslands
haldið í Vestmannaeyjum 20. og 21. september 2012.

Dagana 20. og 21. september 2012 var haldið 38. þing Hafnasambands Íslands í ráðstefnu- og veitingahúsinu, Höllinni í Vestmannaeyjum.

Fyrri fundardagur

1. Þingsetning.

Gísli Gíslason formaður stjórnar Hafnasambands Íslands setti þingið og bauð fulltrúa og gesti velkomna. Að því loknu ræddi hann stöðu íslenskra hafna og þó að hagur þeirra hafi að sumu leiti vænkast, sé enn við ramman reip að draga. Aflgjöld hafa hækkað að raungildi vegna aukins afla, sem sjá mætti með auknum makrílveiðum, ágætu verði sjávarafurða á mörkuðum og lágu gengi íslensku krónunnar. En það sem augljóslega blasir við á næstu misserum er óvissa um afurðaverð, gengi krónunnar, viðræður við grannþjóðir um veiðar á makríl og breytingar á fiskveiðikerfinu og veiðigjaldi. Öll þessi atriði snerta með einum eða öðrum hætti hag hafnana og byggðanna í landinu. Boðskapur dagsins er, snúum vörn í sókn og höldum á lofti mikilvægi hafnanna um leið og við setjum okkur skýr markmið. Að lokum þakkaði hann Vestmannaeyingum fyrir að taka á móti hafnasambandsþingi og sagði 38. hafnasambandsþing sett.

2. Kosning þingforsta ritara og nefnda.

Fundarstjóri var kosinn Arnar Sigurmundsson, formaður framkvæmda- og hafnarráðs Vestmannaeyja og fundarritari Andrés Þ. Sigurðsson, yfirhafnsögumaður og skrifstofustjóri Hafnarsjóðs Vestmannaeyja.

Tillögur um starfsnefndir eru þessar og voru samþykktar samhljóða

- **Allsherjarnefnd**, verkefnin eru ársreikningar og fjárhagsáætlun, drög að ályktun um efnahagsleg áhrif íslenskra hafna- drög að ályktun um strandsiglingar. Stýrimenn eru Jón Þorvaldsson, Faxaflóahöfnum og Guðfinna Hreiðarsdóttir Höfnum Ísafjarðarbæjar.
- **Hafnarlaganefnd**, verkefnin eru endurskoðun hafnarlaga, drög að ályktun um endurskoðun hafnarlaga-drög að ályktun um vigtarmál. Stýrimenn eru Eyrún Ingibjörg Sigþórsdóttir, Tálknafjarðarhöfn og Sveinn R. Valgeirsson, Vestmannaeyjahöfn.
- **Þróunarnefnd**, verkefnin eru drög að ályktun um stefnumótun í málefnum hafna- drög að ályktun um skipulags og umhverfismál. Stýrimenn eru Víðir Benediktsson, Hafnarsamlagi Norðurlands og Sigrún Árnadóttir, Sandgerðishöfn.
- **Kjörnefnd**, verkefnið er að gera tillögu aðal- og varamenn í stjórn Hafnasambandsins 2012-2014 og skoðunarmanna til sama tíma. En hana skipa, Kristinn Jónasson, Höfnum Snæfellsbæjar, Ásthildur Sturludóttir, Höfnum Vesturbyggðar og Reynir Arnarson, Hornafjarðarhöfn.

3. Skýrsla stjórnar

Gísli Gíslason formaður stjórnar hafnasambandsins gerði grein fyrir helstu störfum stjórnarinnar 2010 til 2012 og lagði fram skýrslu stjórnar til kynningar og umræðu. Fjallaði hann um þau mál sem stjórnin væri að fást við eins og endurskoðun hafnalaga og vigtarmálin að öðru leiti vísar hann til skýrslunnar en hún var lögð fram í fundargögnum. (*Pingskjal 3*)

4. Ársreikningar, tillögur um árgjöld og fjárhagsáætlanir.

Skúli Þórðarson gjaldkeri gerði grein fyrir ársreikningi hafnasambandsins fyrir 2010 og 2011 og lagði þá fram til umfjöllunar í allherjarnefnd, því næst kynnti hann tillögur stjórnar hafnasambandsins um árgjöld 2012-2013. Lagði hann til að lækkun árgjalda frá síðasta þingi verði dregin til baka.

Tekjur ársins 2010 voru 10.198 þús. kr., rekstrargjöld 10.302 þús. kr., fjármagnstekjur, nettó 412 þús. kr. og afkoma ársins því jákvæð um 307 þús. kr. Eigið fé í árslok 2010 var 14.332 þús. kr.

Tekjur ársins 2011 voru 7.472 þ.kr. og gjöld samtals 9.756 þ.kr., fjármagnstekjur 269 þ.kr. og var afkoma ársins neikvæð um 2.014 þ.kr. Eigið fé í árslok 2011 var 11.980 þ.kr.

Tekjur samkvæmt fjárhagsáætlun 2012 eru áætlaðar 8.082 þ.kr., rekstrargjöld 11.150 þús. kr. fjármagnstekjur 800 þús. kr. og halli á árinu 2012 er áætlaður 2.268 þús. kr.

Árið 2013 eru tekjur áætlaðar 10.720 þ.kr. og rekstrargjöld 10.960 þ.kr., fjármagnstekjur 240 þús. kr. þannig að gjöld og tekjur verði sama fjárhæð.

Þingforseti gaf orðið laust um skýrslu stjórnar og ársreikinga hafnasambandsins, en enginn bað um orðið.

5. Samgönguáætlun / stefnumótun.

Friðfinnur Skaftason, verkfræðingur í innanríkisráðuneytinu fjallaði um samgönguáætlun og stefnumótun. Byrjaði hann á að fara yfir hvernig stefnan væri sett hjá Alþingi, innanríkisráðuneytinu og hafna- og sveitastjórnunum en einnig þyrfti að fara eftir fjölþjóðareglum. Friðfinnur fór yfir markmið samgönguáætlunar, en þau eru að ná fram samræmdri forgangsroðun og stefnumótun, að ná fram hagkvæmri notkun fjármagns og mannafla og að ná fram samræmdu skipulagi samgöngugreina og samstarfi stofnana samgönguráðuneytis og fyrirtækja á þess vegum. Fjárhagsramminn verður óbreyttur frá 2012 til 2014 en framlög til samgangna munu aukast um 3% á ári frá og með 2015 í samræmi við hagvaxtaspár. Skv. hafnalögum mun ríkisstyrktum verkefnum við hafnagerð fækka frá og með árinu 2013. Framlög til stofnkosnaðar munu fara því lækkandi. Unnið er að útboðsgögnum fyrir tilraunaverkefni með strandsiglingar en fjármagna þarf verkefnið sérstaklega.

6. Fjárhagur og staða hafna

Gunnlaugur A. Júlíusson, sviðsstjóri hag- og upplýsingasviðs Sambands íslenskra sveitarfélaga kynnti skýrslu um fjárhag og stöðu hafnarsjóða á Íslandi. Fram kemur í skýrslunni að rekstrarafkoma hafna er afar misjafn, en hefur þó í heildina heldur batnað á síðustu misserum. Heildartekjur hafnasjóða hafa aukist um 618 m.kr. á meðan gjöldin hafa hækkað um 218.m.kr.

Í yfirliti um afkomu millistóra fiskihafna en það eru hafnir með heildartekjur á bilinu 30 til 200 m.kr. kemur fram að tekjur jukust um 13% milli árana 2009-2010 og 9% milli árana 2010-2011. Þegar heildartekjum hefur verið deilt í heildarskuldir (án skuldbindinga) kemur í ljós að skuldir voru 320% af heildartekjum árið 2009 og hefur verið að lækka og árið 2011 voru skuldir 250% af heildartekjum. En þrátt fyrir að þetta hlutfall hefur verið að lækka þá veldur svo hátt hlutfall greiðsluerfiðleikum hjá hefðbundnum fiskihöfnum.

7. Umhverfismál / Sorpmál / Umhverfismat

Sigurros Friðriksdóttir, sérfræðingur hjá Umhverfisstofnun, fjallar um umhverfismál og hvernig þau tengjast höfnum landsins. Í Umhverfisstofnun er verið að gera áætlun um sorpmál en þeirri vinnu er ekki lokið enn, en niðurstöður úr þeirri vinnu verða kynntar á næstunni. Skýrsla um móttöku sorps af farmskipum verði skilað fyrir 1. mars 2013. Sigurós bendir á að þegar vinnu Umhverfisstofnunnar verði lokið komi betur í ljós hvers verði krafist af höfnum landsins í umhverfismálum í framtíðinni.

Umræður um erindi Friðfinns, Gunnlaugs og Sigurrósar.

Svanfríður Jónasdóttir, Dalvíkurhöfn, spurði Friðfinn um hvernig samgöngur eigi að vera sjálfbærar og hve miklum fjármunum eigi að eyða í tilraun til strandsiglinga. Friðfinnur gat ekki svarað því á einfaldan hátt en benti á að brennsla olíu sé ekki sjálfbær og leita þurfi leiða til að minnka brennslu olíu og hafnir geti t.d. reynt að minnka olíunotkun í höfnum með landtengingum á rafmagni. Varðandi strandsiglingar, þá er ekki búið að ráðstafa peningum í þær en það verði gert þannig að umtalsverðri upphæð verði lagt til í byrjun og síðan dregið úr styrkjum á sjö ára tímabili.

Stefán Óskar Jónasson, Vestmannaeyjahöfn, spurði Sigurrós hvort kostnaður við skolpmál skipa eigi að lenda á höfnum landsins. Sigurrós segir að samkvæmt gildandi reglum megi losa skólp í sjó en það sé mál hafnanna að taka við skólpi úr skipum og það sé hægt að gera með tankbílum og það eigi ekki að kalla á umtalsverðar breytingar eða kosnaðar hjá höfnum.

Að loknum þessum dagskrárlið var gefið stutt kaffihlé.

8. Endurskoðun hafnarlaga

Gísli Gíslason, formaður hafnasambandsins, gerði grein fyrir störfum nefndar sem fjallaði um endurskoðun hafnarlaga, sem innanríkisráðherra skipaði eftir að hafnasambandsþing á Snæfellsnesi 2010 hafði ályktað um málið. Niðurstaða nefndarinnar var að mestu samhljóða en þó með þeirri undantekningu að skilað var sitt hvorri tillögunni að efni 24. greinar laganna, sem fjallar um framlög til ríkisframkvæmda. Var ágreiningur milli fulltrúa hafnasambandsins og annarra fulltrúa um hlutfall styrks, en voru þó allir að öðru leiti sammála um þau verkefni sem ættu að vera styrkhæf. Sú niðurstaða sem fulltrúar Hafnasambands Íslands skiluðu fylgir erindi þessu (þskjal 4).

9. Siglingastofnun – breytingar í starfsemi

Hermann Guðjónsson, siglingamálastjóri, flutti ávarp um starfsemi Siglingastofnunar og breytingar á henni. Hermann byrjar á því að fara yfir söguna og hvernig Siglingastofnun hefur þróast í gegnum tíðina með sameiningum stofnanna ríkisins. Vita- og hafnarmál voru sameinuð í Vita- og Hafnamálastofnun, Skipaskoðun ríkisins og Skipaskráningarstofa ríkisins sameinuðust í Skipaskoðun ríkisins sem síðar breytti um nafn og varð Siglingamálastofnun ríkisins, og með sameiningu Vita- og

hafnamálastofnunar og Siglingamálastofnunnar ríkisins varð til Siglingastofnun Íslands eins og hún er í dag. Nú liggja fyrir enn á ný áform um sameiningu Siglingastofnunar við aðrar stofnanir ríkisins. Nú er það Siglingastofnun og Vegagerðin sem eiga að fara í eina stofnun undir stjórn Vegagerðarinnar. Hermann segir að breytt skipulag þessa stjórnsýsluverkefnis séu óunnin og hvernig þetta komi til með að vera sé ekki en orðið ljóst.

Umræður um erindi Gísla og Hermanns.

Víðir Benediktsson, Hafnasamlagi Norðurlands, spurði um styrk varðandi hafnsögubát og bendir á að tillagan hljóði upp á 50% styrk. Gísli svarar því að núverandi styrkur sé 75% og minni hafnir geti orðið styrkhæfar, en mjög mikilvægt sé að menn geri grein fyrir tekjudreifingu hafna.

Reynir Arnarson, Hornafjarðarhöfn, spyr hvort siglingamálastjóri verði á þinginu á morgun föstudag þegar fjallað verði um málefni Siglingastofnunar. Hermann svaraði því að hann verði ekki hér en Siglingastofnun verði með tvo fulltrúa á morgun sem verði til svara um málefni hennar

Að loknum þessum dagskrárlið kl. 16.45 frestaði fundarstjóri frestaði þingi til næsta dags.

Seinni þingdagur, föstudagur 21. september 2012.

Starfsnefndir þingsins komu saman kl. 09.00 í morgun og höfðu lokið störfum áður en fundi var fram haldið kl. 13.00.

10. Fræðsluerindi

Sjávarklasinn.

Þór Sigfússon stofnandi og framkvæmdastjóri Íslenska sjávarklasans, kynnti starfsemina og sagði hann mikla möguleika liggja í samstarfi aðila í sjávarútvegi, taldi hann að ef rétt væri haldið á spilunum mætti auka verðmæti sjávarafurða gríðarlega með því að tengja saman mismunandi þekkingu fyrirtækja. Þór sagði að græn tækni væri að ryðja sér rúms í öllum greinum í framleiðslu afurða í sjávarútvegi og fælist hún fyrst og fremst í minni notkun olíu, vatns og rafmagns og betri nýtingu sjávarfangs.

Hvað segja Eyjamenn í dag ?

Sigurgeir Brynjar Kristgeirsson, framkvæmdastjóri Vinnslustöðvarinnar í Vestmannaeyjum skýrði út hvernig að þeir sem reka fyrirtæki í sjávarútvegi sjá fyrir sér framtíðina. Hann segir tekjurnar hafa aukist umtalsvert á undanförunum árum og telur hann að greinin hafi alla möguleika á að auka tekjurnar enn frekar. Sagði hann að þegar rætt væri um sjávarútveginn væri talað um fiskveiðikvóta og allt of mikil orka fari í þá umræðu. Þess vegna er erfitt að einbeita sér að því að auka verðmæti afurða. Sýndi hann m.a. hvernig skipting tekna úr einu þorskkílói er nú. Binni telur að eina leiðin til að mæta miklum breytingum á stjórnun fiskveiða og margföldun veiðigjalda á sjávarútveginn sé að skera niður í skipastólnum. Hann hafði miklar áhyggjur af framtíðinni og það sé verið að grafa undan uppbyggingu til framtíðar.

Ellíði Vignisson, bæjarstjóri í Vestmannaeyjum, lýsti stöðunni í Vestmannaeyjum og hvað bæjarfélagið fyrir íbúa og gesti sem sækja Eyjarnar heim. Ellíði fjallaði um íbúapróun í Vestmannaeyjum og taldi að kvótaþróun og íbúapróun fari ekki saman og sagði aðra þætti hafa

meira um það að segja hvernig byggð þróist. Hann sagði að fjölgun fólks í Reykjavík sé ekki tilkomin vegna þess að sé að koma þangað til að vinna í fiski. Íbúáþróun í Vestmannaeyjum hafi verið með þeim hætti að á síðustu 20 árum hafi fólki fækkað úr um 5.000 í 4.200, þrátt fyrir að Eyjamenn hafi styrkt stöðu sína í kvótamálum. Til að snúa þróuninni við í Vestmannaeyjum horfðu menn ekki síst til vaxandi ferðapjónustu, þótt sjávarútvegurinn verði áfram helsti burðarás byggðarlagsins.

11. Nefndarálit lögð fram og afgreiðsla ályktana

11.a. Álit Allsherjarnefndar.

Framsögumaður Jón Þorvaldsson.

Allsherjarnefnd lagði til að þingið samþykki ársreikning hafnasambandsins 2010 og 2011 og fjárhagsáætlun fyrir árin 2013 og 2014. Allsherjarnefnd leggur einnig til að framlögð tillaga stjórnar um árgjöld 2013 og 2014 verði samþykkt.

Allsherjarnefnd lagði til breytingu á 4. grein laga Hafnasambands Íslands um tekjuflokka þannig að þar komi inn nýr tekjuflokkur sem verði 7. flokkur með 7 fulltrúa. En núverandi 7. flokkur verði 8. flokkur með óbreyttum fjölda fulltrúa.

Hafnasambandsþing beinir því til stjórnar að fram að næsta þingi fari fram heildarendurskoðun á tekjugrunni sambandsins og drög að nýju álagningakerfi árgjalda verði lagt fram til kynningar á næsta hafnafundi.

Tillaga að ályktun um efnahagsleg áhrif íslenskra hafna

38. hafnasambandsþing haldið í Vestmannaeyjum dagana 20. og 21. september 2012 felur stjórn Hafnasambands Íslands að láta gera úttekt á efnahagslegum áhrifum íslenskra hafna og vægi þeirra í íslensku atvinnulífi.

Tillaga að ályktun um strandsiglingar

38. hafnasambandsþing haldið í Vestmannaeyjum dagana 20. og 21. september 2012 fagnar því, að innanríkisráðherra hafi ákveðið að bjóða út strandsiglingar á næstunni á grundvelli niðurstöðu nefndar sem fjallaði um þau mál. Verkefnið er komið á lokastig og hvetur hafnasambandsþing til þess að málinu verði hrint í framkvæmd.

Allar tillögur og ályktanir Allsherjarnefndar voru bornar voru undir atkvæði hver og ein voru samþykktar einróma.

11.b. Álit hafnalaganefndar

Framsögumaður Eyrún Ingibjörg Sigþórsdóttir.

Nefndin fór yfir frumvarp til laga um breytingu á hafnalögum (þingskjal 4). Fyrir nefndinni lágu tvær tillögur annars vegar frá fulltrúum hafnasambandsins og hins vegar frá fulltrúum Siglingastofnunar og innanríkisráðuneytis. Efnislega voru tillögurnar eins en hugmyndir um styrkhlutföll voru mismunandi.

Nefndin gerði tillögu um fimm breytingar:

1. Í 13. grein er tillaga að breytingu á 24. grein laganna. Nefndin leggur til að við b-lið bætist orðin „og endurbætur“ og hljóði þá „Endurnýjun og endurbætur á bryggju í eigu hafnar-sjóðs“ og svo framvegis.
2. Í sömu grein c-lið falli út orðið „skjólgarð“ undir nýframkvæmdum og lagt til að skjólgarðar verði styrkhæfir um 90%.
3. Í sömu grein c-lið verði hlutfall nýframkvæmda 60% í stað 50%.
4. Í 6. grein er gerð tillaga að breytingu á 17. grein laganna. Nefndin leggur til aflagjald verði minnst 1,5%.
5. Hafnalaganefnd lagði til að virðisaukaumhverfi hafna verði það sama hvort sem rekstrarform hafnar sé í eigu sveitarfélags án sérstakrar hafnarstjórnar eða höfn með hafnarstjórn í eigu sveitarfélags.

Tillagan samþykkt mótakvæðalaust, en átta þingfulltrúar sátu hjá.

Hafnalaganefnd lagði til að tillaga að ályktun um endurskoðun hafnalaga verði samþykkt óbreytt.

Tillagan samþykkt samhljóða.

Einnig lá fyrir nefndinni ályktun um vigtarmál og leggur nefndin til að tillagan verði samþykkt óbreytt.

Tillagan samþykkt samhljóða.

11.c. Álit þróunarnefndar

Framsögumaður Víðir Benediktsson.

Tillaga um mótnun langtímastefnu fyrir hafnir landsins

38. hafnasambandsþing haldið í Vestmannaeyjum dagana 20. og 21. september 2012 beinir því til stjórnar hafnasambandsins að skipaður verði starfshópur, með aðkomu hagsmunaaðila, sem vinni að sýn og langtímastefnu fyrir íslenskar hafnir. Jafnframt er kallað eftir langtímaáætlun á vegum ráðuneytisins til 50 ára um samgöngumál á Íslandi.

Mikilvægt er að íslenskar hafnir uppfylli þær kröfur sem gerðar eru til þeirra sem mikilvægs hluta samgöngukerfis landsins. Stærstur hluti hagkerfis þjóðarinnar og framtíðartækifæri í atvinnulífinu tengjast með einum eða öðrum hætti öruggum hafnarmannvirkjum. Mikilvægt er því að móta stefnu til lengri tíma sem tryggir afkomu hafna og fjárfestingargetu.

Þar sem slík framtíðarsýn liggur ekki fyrir er varhugavert að breyta því stofnanakerfi sem nú styður við hafnir landsins.

Þingið ítrekar áhyggjur af því að ekki sé tekið mið af afstöðu hagsmunaaðila og þeim sem gerst þekkja og telur að sú ákvörðun að færa hafnamál undir Vegagerð ríkisins sé ekki nægjanlega ígrunduð. Lýst er verulegum áhyggjum af því að sú sérþekking og þjónusta við hafnir sem nú er innan Siglingastofnunar, fari forgörðum.

Tillaga að ályktun um skipulags- og umhverfismál

38. hafnasambandsþing haldið í Vestmannaeyjum dagana 20. og 21. september 2012 beinir því til stjórnar hafnasambandsins að taka upp viðræður við yfirvöld umhverfis- og skipulagsmála um að við setningu laga og reglna verði tekið mið af nauðsyn þess að minniháttar framkvæmdir og skipulagsbreytingar lúti ekki ósveigjanlegum og tímafrekum verkferlum.

Jafnframt er því beint til yfirvalda umhverfis- og skipulagsmála að gæta hófs í kröfum á þessu sviði og að sinna leiðbeiningarskyldu.

Tillögur þróunarnefndar eru samþykktar samhljóða.

12. Kosning stjórnar, varastjórnar og skoðunarmanna til tveggja ára.

Fyrir tillögu kjörnefndar mælti Kristinn Jónasson.

Aðalmenn:

- Gísli Gíslason, hafnarstjóri Faxaflóahafna sf.,
- Eyrún Ingibjörg Sigþórsdóttir, hafnarstjóri Tálknafjarðarhafnar,
- Már Sveinbjörnsson, hafnarstjóri Hafnarfjarðarhafnar.
- Guðný Sverrisdóttir, stjórnarmaður í Hafnarsamlagi Norðurlands.
- Steinþór Pétursson, hafnarstjóri Fjarðarbyggða.
- Ólafur Örn Ólafsson, hafnarstjóri Þorlákshafnar.
- Skúli Þórðarson, hafnarstjóri Hvammstangahafnar.

Tillaga kjörnefndar um formann Hafnasambands Íslands var að Gísli Gíslason verði áfram formaður.

Tillaga kjörnefndar um Gísla Gíslason sem formann stjórnar var samþykkt samhljóða.

Varamenn:

- Guðmundur Kristjánsson, hafnarstjóri Hafna Ísafjarðarbæjar.
- Björn Arnaldsson, hafnarstjóri Hafna Snæfellsbæjar.
- Svanfríður I. Jónasdóttir, hafnarstjóri Dalvíkurhafnar.

Tillaga kjörnefndar um stjórn og varastjórn samþykkt með þorra atkvæða, en einn var á móti og fimm sátu hjá.

Tillaga kjörnefndar um skoðunarmenn:

- Pétur Jóhannsson, Reykjaneshöfn.
- Gyða Steinsdóttir, Stykkishólshöfn.

Til vara:

- Ásthildur Sturludóttir, Hafnir Vesturbyggðar.
- Hörður Blöndal, Hafnarsamlag Norðurlands.

Tillögur kjörnefndar um skoðunarmenn og varamenn þeirra var samþykkt samhljóða.

Síðasta tillaga kjörstjórnar er tillaga um næsta þing sem haldið verður 2014. Lagt er til að þingið verði haldið í Dalvíkur- og Fjallabyggð og að næsti hafnarfundur verður haldin í Grindavík á árinu 2013.

Tillagan var samþykkt samhljóða.**13. Þingslit.**

Gísli Gíslason formaður Hafnasambandsins þakkaði fyrir gott þing og gagnlega umræðu. Þá þakkaði hann Vestmannaeyingum fyrir góðan undirbúning og frábærar móttökur, en í gær var skoðunarferð um Heimaey og heimsókn á Sagnheima í boði Vestmannaeyjahafnar og í kvöld er þingfulltrúum ásamt mökum og öðrum gestum boðið í hátíðarkvöldverð í Kiwanishúsinu í boði Vestmannaeyjahafnar. Að endingu sagði Gísli stærstu verstöðvar landsins góða umgjörð um fundinn, að lokum þakkaði hann starfsmönnum þingsins, fundarstjóra og fundarritara og sleit þinginu kl 16.30.

Fundarritari

Andrés Þ. Sigurðsson

Fundarstjóri

Arnar Sigurmundsson